



## Umsókn um framkvæmdaleyfi

Undirritaður f.h. Umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar óskar hér með eftir framkvæmdaleyfi til að setja upp lítið leiksvæði í Skátagilinu samkvæmt uppdráttum frá Teiknistofu Norðurlands dagsettri 7. janúar 2020 á svæðinu fyrir vestan matarvagnana sem nú eru staðsettir í Hafnarstræti. Um er að ræða kastala með rennibraut og gormatæki frá Lappset. Einnig er gert ráð fyrir bekk og ruslafötu á svæðinu. Deiliskipulag sem samþykkt var í bæjarstjórn 6. maí 2014 gerir ráð fyrir leiksvæði á svipuðum stað í Skátagilinu. Framkvæmdin er afturkræf þ.e. að ef einhverjar breytingar verða gerðar á núverandi deiliskipulagi er einfalt að skila svæðinu í sama ásigkomulagi og það er í dag.

Virðingarfyllst  
Jón Birgir Gunnlaugsson  
Verkefnastjóri umhverfismála